

Reykjavík, 9. janúar 2019

Erindi til starfshóps um endurskoðun kosningalaga

Þann 28. október 2017 gengu við tveir, eins og aðrir 201.775 einstaklingar með kosningarrétt á Íslandi, til alþingiskosninga í því skyni að fullnýta skoðanafrelsi okkar og lýðræðisleg réttindi. Annar okkar var ákveðinn hvaða flokki hann vildi greiða atkvæði sitt. Í raun duldist engum sem hann þekkti hvar pólitísk taug hans lá; barmmerkið, úrklippurnar af frambjóðendum og facebook-færslurnar gáfu það skýrt til kynna, auk þess sem hann var tilbúinn að greina umbúðalaust frá flokkshollustu sinni og áherslumálum flokksins við hvern sem á vegi hans varð. Ástæðan var svo sem ekki flókin heldur; nákominn aðstandandi, vandaður og heill gæi, var nefnilega í framboði fyrir flokkinn, líkt og reyndar margir aðrir fjölskyldumeðlimir höfðu áður verið. Og hvað ber betra vitni um traust og gæslu fyrir hagsmunum en sterk fjölskyldubönd. Svo ákveðinn var hann að vikuna fyrir kosningar hafði hann æft sig heima með heimatilbúnum kjörseðli, þannig að hann yrði sem mest tilbúinn þegar á hólminn væri komið, enda áhyggjufullur að eðlisfari og kvíðinn gagnvart ókunnugum aðstæðum með formlegan og valdslegan blæ. Kosningar eru jú þýðingarmikill og alvörubrunnginn viðburður, fyrir hvort heldur einstakling eða samfélag.

Hinn okkar var öllu meira óviss með atkvæði sitt. Jafnvel þar sem hann stóð með samanbrotinn atkvæðaseðillinn yfir kjörkassanum læddist að honum efi um að hann væri að gera rétt, eða hvað væri annars „rétt“ í þessu efni. Hugmyndafræðilega vissi hann vel hvaða flokki hann stæði næst, það þurfti ekki kosningapróf eða áttavita til þess. En honum fannst vandfundnara að átta sig á því hvernig fulltrúar flokksins kynnu að fara með umboðið, hvernig þeir ættu eftir að fóta sig í hinu pólitíska landslagi og heilindum þeirra. Pólitík er meira en hugmyndafræði og það voru engin próf á netinu um mannlega og félagslega þáttinn. Hann var aðeins hægt að dæma út frá sögunni, framkomunni, verkunum – óteljandi atriðum sem einhvern veginn leiddu öll að sama öngstræti; „af hverju er ég að þessu, það breytist ekkert, strúktúrinn og kúltúrinn er alltaf sá sami“.

Eins mikilvægt að aðgengi að upplýsingum er skoðanafrelsinu, er pólitísk afstaða fólks aftur á móti ekki alltaf sérlega upplýst. Í mörgum tilvikum geta upplýsingar meira að segja verið gagnrýnum og róttækum hugum til trafala við ákvarðanatöku. Stundum mötum við áðurfengna skoðun af upplýsingum til að styrkja hana, jafnvel upplýsingum sem kunna augljóslega að vera vafasamar og skekkta, og í öðrum tilvikum kjósum við að fylgja viðtekinni skoðun eða skoðunum annarra án þess að vita á hverju þær byggjast. En hvernig sem afstaða okkar er tilkomin og sett fram, hversu „skynsöm“ eða „röklega ígrunduð“ hún kann að vera eða hversu „sjálfstæður“ og „dómbær“ hugur við teljum vera að baki, höfum við sammælt um þá grundvallarreglu að það sé ekki opinbera aðila að hlutast til um það hvað teljist lögmæt pólitísk afstaða og hver megi tjá hana með atkvæði sínu. Eða svona næstum.

Í síðastliðnum alþingiskosningum fékk nefnilega aðeins annar okkar að kjósa; sá sem hafði enga staðfasta pólitíska afstöðu, mætti verr undirbúinn á kjörstað og gat ekki fyrir nokkurn mun gefið skýrar réttmætar ástæður fyrir atkvæði sínu, heldur fylgdi bara tilfallandi hugboði á meðan hann sveiflaði blýantinum vanhugsað yfir framboðslistana á kjörseðlinum. Hann er, þrátt fyrir annmarka sína, álitinn „hæfari“ kjósandi, það er líklegri til að vera dómbær um að taka sjálfstæða pólitíska afstöðu, þroskaðri og síður leiðitampur. Hinn, sem var líkast til eins og undirbúinn og framast var unnt, en, eins og áður segir, haldinn óöryggi yfir því að afstaða sín og atkvæði kæmist réttilega til skila var synjað um aðstoð á kjörstað og gert að snúa heim án þess að fá að nýta kosningarrétt sinn.

Ólík meðferðin og mismunurinn á möguleikum okkar er ekki byggður á sálfræðilegu mati eða neinu slíku, enda engin vísindalega staðfest hlutstæð skil til um það hvenær manneskja getur talist fær um að kjósa eða ekki. Slíkra skila er auk þess ekki getið í neinum lögum; við eigum í orði kveðnu öll rétt á því að kjósa og hafa ólíkar ástæður fyrir vali á því hverjum við greiðum atkvæði. Hvort heldur þú berð merkimiða sem lögfræðingur eða leigubílstjóri, ert meðlimur í Mensa eða Miðflokknum, mannst öll ráðuneyti Íslands eða getur ómögulega munað símanúmer móður þinnar, eru við öll mannlega breysk og viðkvæm, óörygg, duttlungafull, fylgispök ýmiskonar valdi og undir margskonar áhrifum af aðstæðum. Vanhæfnin til að móta upplýsta og sjálfstæða pólitíska afstöðu til flokka er að því leyti ekki bundin persónulegum einkennum, heldur er hún okkur sammannleg og því ómögulegt að aðgreina einn hóp frá öðrum hvað það varðar. Og þannig er það með lýðræðið; það treystir ekki aðeins á frelsi okkar til að hafa misvel-ígrundaðar skoðanir og greiða þeim atkvæði, það hreinlega grundvallast á því.

Ástæða mismununarinnar er engu að síður læknisfræðilegur. Það er greiningarmiði um þroskahömlun sem hindrar annan okkar í því að fá notið aðstoðar á kjörstað, hvort heldur eigin aðstoðarmanns eða fulltrúa kjörstjórnar, til að koma atkvæði sínu til skila. Þannig segir í 1. mgr. 86. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, eftir lagabreytingu nr. 111/2012:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Sem sagt, einstaklingur með þroskahömlun sem getur ótvírætt skýrt frá afstöðu sinni, á samskiptamáta sem kjörstjórn skilur, er eingöngu heimilt að fá aðstoð sé honum annað hvort „hönd ónothæf“ eða hann ófær um að sjá á kjörseðil. Eigi hann hins vegar erfitt með að lesa, sé hann haldinn kvíða yfir að merkja vitlaust á kjörseðilinn eða í þörf fyrir einfaldaða aðlögun (t.a.m. að tákn stjórnmalaflokkanna sé á seðlinum) þá fær hann ekki viðeigandi aðstoð. Hér má hafa í huga að þroskahömlun er afskapalega óljós greiningarmiði og undir hann fellur allskonar fólk, staðsett allstaðar á pólitísku og mannlegu litrófi, og oft með aðrar skerðingar, t.a.m. hreyfihömlun og sjónskerðingu. Það er því ekki aðeins svo að það sé ólíkt fyrir okkur tveimur komið þegar kemur að því nýta kosningarréttinn, fólk með þroskahömlun fær ekki heldur notið sömu meðferðar sín á milli.

Í öðrum kjördeildum innan sama kjördæmis eru nefnilega skráð dæmi þess að lögblindir kjósendur með þroskahömlun hafi fengið aðstoð, byggt á ofangreindri heimild í lögum. Einstaklingar sem gátu tjáð sig á tungumáli kjörstjórnar og greint frá vilja sínum, með jafnskýrum hætti og sá okkar sem er greindur með þroskahömlun, fengu kosið vegna þess að tillit er tekið til þarfa þeirra í lögum. Þar er framkvæmd kosninganna, að talsverðu leyti (en ekki fullnægjandi þó), aðlagð á þann hátt að þeir geti kosið. Þar ræður baggamuni að þeir hafa aðra skerðingu, skerðingu sem tekið er tillit til. Það er þeirra lán, tilfallandi lukka. Án hennar stæðu þeir hins vegar andspænis sömu fordómum og vanþekkingu á aðstæðum sínum og flest annað fólk með þroskahömlun.

Viðurkenning á mannlegri reisn, verðleikum og jafnrétti – skilgreindum hornsteini frelsis og mannréttinda - tekur oft á sig annarlega mynd þegar kemur að þroskahömlun. Báðir erum við skattgreiðendur hér á landi og eigum okkar undir pólitískri stefnumótun um ráðstöfun á ríkissjóði og útsvari. Annar okkar býr aftur á móti við þau forréttindi að innan allra stjórnmalaflokka, sveitastjórna, Alþingis og ríkisstjórnarinnar eru ófatlaðir karlar í sömu stöðu og hann; einstaklingar sem tala fyrir hagsmunum hans án þess að hann þurfi að leggja sig fram að því að ná eyrum þeirra. Meira að segja forsetinn, æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins, deilir að stofni til svipaðri reynslu og aðstæðum og hefur notið sömu forréttinda og möguleika í gegnum sitt líf. Hins vegar er aðeins öðrum okkar gefið færi á að hafa áhrif með atkvæði sínu; sá okkar sem er í yfirskipaðri stöðu og hefur alla tíð getað treyst því að í kjöri séu fulltrúar sem tala máli hans og tryggja að hann fái notið óhefts aðgengis að t.d. menntun og atvinnu. Hinn, sem er með þroskahömlun, er með öllu fulltrúalaus í íslensku stjórnála- og stjórnsýslumhverfi og sviptur aðstoð til að nýta rétt sinn til að kjósa þá fulltrúa sem hann myndi að öðrum kosti velja til að tala fyrir hagsmunum sínum. Hann getur með engum lýðræðislegum hætti komið að pólitískri stefnumótun eða ákvörðunum, fær ekki einu sinni aðstoð til þess. Og sú hætta er áþreifanleg og aðkallandi að einstaklingar með jafn brennandi áhuga á pólitískum viðfangsefnum og hann - fólk sem þekkir manna best þær hindranir sem þarf að afnema með pólitískri ákvarðanatöku til að fólk með þroskahömlun geti notið fulls jafnréttis – verði fráhverfara stjórnmalum og aðgreinist sem óvirk pólitísk viðfangsefni í stað þess að vera virkir þátttakendur í stjórnmalum til jafns við aðra, enda til einskis að vera upplýst og móta sér skýra pólitíska afstöðu ef þátttaka fólks, skoðanafrelsi og borgaraleg réttindi eru ekki virt.

Mismunurinn getur ekki með nokkru móti talist réttlátur eða lýðræðislegur. Hann grefur undan jöfnum möguleikum fólks með þroskahömlun til að vinna réttindum sínum brautargengi og sviptir það eina valdinu sem samkvæmt jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar ætti að vera tryggur öllum borgurum sem falla undir 33. gr. sömu laga, það er hver njóta kosningaréttar á Íslandi. Hann undanskilur fólk með þroskahömlun frá heildinni, aðskilur það sem eitthvað annað og lægra settara en „okkur hin“; viðurkennir ekki mannlega reisn þess, en elur þess í stað á fötlunarfóðum og misrétti, líkt og ójöfn staða þess sé á einhvern hátt eðlisleg og verðskulduð, að þau séu ein haldin þeim breyskleika að geta verið leiðitöm eða undir áhrifum annarra í pólitískri afstöðu sinni. Hann hefur íþyngjandi áhrif á stöðu fólks með þroskahömlun af því einu að stjórnvöld hafa ekki enn sinnt jákvæðum skyldum til að vernda það fyrir mismunun og festa í lög aðstoð og viðeigandi aðlögun sem gerir því kleift að nýta réttindi sín

Fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis lágu á síðasta ári til meðferðar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 og á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998 varðandi lækkun kosningaaldurs. Þar til grundvallar lágu nokkur þeirra raka sem nefnd hafa verið hér að ofan, ásamt vísunum í alþjóðlega mannréttindasamninga, þar með talið Barnasáttmála Sp. Í því samhengi

er vert að benda á skuldbindingar tengdum innleiðingu Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem fullgiltur var á haustmánuðum 2016. Við munum því, að endingu, tilgreina sérstaklega í heild sinni ákvæði 29. greinar Samningsins, um þátttöku í stjórnámum og opinberu lífi, ásamt því að vekja athygli á því að ofangreindar fullyrðingar okkar eru studdar gögnum, fræðilegum sem og persónulegum, sem við getum vísað til og lagt fram verði þess óskað, þó við leggjum megináherslu á að ríkt samráð verði haft við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og fötlunarfræðina innan Háskóla Íslands í því að tryggja með öllu borgaraleg réttindi og jafnan rétt fatlaðs fólks.

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum stjórnámáleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnámum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsum vali, þ.m.t. réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, meðal annars með því:

i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,

ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án þvingana með hótunum og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,

iii. að fatlað fólk geti látið vilja sinn óþvingað í ljós sem kjósendur og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði,

b) vinna ötullega að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, meðal annars:

i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnámálalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnámálflokka,

ii. því að mynda og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til þess að rödd þess heyrast á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.

Hringur Úlfarsson

Eiríkur Smith
Réttindagæslumaður fatlaðs fólks